

LÖG**um breytingu á lögum nr. 60/1997, um stofnun
Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 31. desember 1998.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

Nr. 168

31. desember 1998

LÖG**um afnám laga nr. 62/1984, um húsaleigu sem fylgir
breytingum vísitölu húsnæðiskostnaðar.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög um húsaleigu sem fylgir breytingum vísitölu húsnæðiskostnaðar, nr. 62 15. maí 1984, falla úr gildi 1. apríl 1999.

Hagstofa Íslands skal reikna og tilkynna um verðbótahækkun húsaleigu skv. 5. gr. laganna í síðasta sinn frá og með 1. janúar 1999 miðað við breytingar meðallauna á síðasta fjórðungi ársins 1998, sbr. 2. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 31. desember 1998.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

Davíð Oddsson.